

**Stjórn Norðurorku hf. hefur í dag á stjórnarfundum nr. 237 samþykkt:**

Stjórn Norðurorku hf. samþykkir hér með að taka lán frá Lánasjóði sveitarfélaga að útborgunarfjárhæð samtals 800.000.000,-. Sem skiptist í 100.000.000 íslenskra króna (ISK) og 5.000.000 evra (EUR) til 15 ára, í samræmi við lánstilboð sem liggur fyrir fundinum. Er lánið tekið til fjármögnunar á verkefnum félagsins í hitaveitu og fráveitu sem fela í sér að vera verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.


Jafnframt er Helga Jóhannessyni forstjóra Norðurorku kt. 2708562259, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Norðurorku hf., að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

Til trygginga skilvísri og skaðlausri greiðslu láns þessa, ásamt vöxtum og kostnaði stendur einföld ábyrgð eigenda Norðurorku þ.e. Akureyrarkaupstaðar, Hörgársveitar, Grýtubakkahrepps, Þingeyjarsveitar, Svalbarðsstrandahrepps og Eyjafjarðarsveitar, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. og 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og setja sveitarfélögin til tryggingar tekjur sínar sbr. 2. mgr. 68. gr. sömu laga. Jafnframt munu fulltrúar ofangreindra sveitarfélaga undirrita lánssamninginn sem ábyrgðaaðilar fyrir hönd síns sveitarfélags.


Akureyri 14. ágúst 2019

Í stjórn Norðurorku hf.

  
Ingibjörg Ólöf Ísaksen

  
Geir Kristinn Aðalsteinsson

  
Eva Hrunn Einarsdóttir

  
Friðbjörg J. Sigurjónsdóttir

  
Hlynur Jóhannsson